

*Frestur til
28.1.25*



Nr. 1. Lagt fram í Héraðsdómi
Reykjaness 17. desember 2025

STEFNA

Jón Rúnar Halldórsson,
kt. 231057-4129,
Birkibergi 8,
Hafnarfirði,

gerir kunnugt:

að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Hafnarfjarðarbæ, kt. 590169-7579, Strandgötu 8-10, Hafnarfirði, til greiðslu miskabóta.

Dómkröfur:

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu, samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða mati réttarins.

Málflutningsumboð:

Gísli Guðni Hall hrl., Mörkinni lögmannsstofu hf., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík (sími 414 4100, netfang ggh@law.is), flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvaer fyrir stefnda:

Valdimar Víðisson, kt. 100978-3509, Brekkuási 7, Hafnarfirði, fer með fyrirsvaer fyrir hið stefnda bæjarfélag sem bæjarstjóri þess.

Málavextir:

Á árunum 2023 og 2024 fóru fram samningaviðræður milli Fimleikafélags Hafnarfjarðar (FH) og stefnda, Hafnarfjarðarbæjar, um kaup sveitarfélagsins á knattspyrnuhúsinu Skessunni. FH hafði



nokkrum árum áður byggt knattspyrnuhúsið fyrir eigin reikning. Tildrög viðræðnanna voru m.a. þung vaxtabyrði tengd húsinu og nauðsyn á endurfjármögnun, en þess ber einnig að geta að sveitarfélagið er eigandi velflestra íþróttamannvirkja innan bæjarfélagsins, þ.m.t. við Kaplakrika á athafnasvæði FH og svæði Hauka að Ásvöllum.

Í tengslum við viðræðurnar fékk stefndi endurskoðunarstofuna Deloitte ehf. til að gera tvær skýrslur fyrir sig. Fyrri skýrslan er dagsett 11. apríl 2024 og ber heitið „Fjármála- og áhrifagreining vegna knatthússins Skessunnar“ (dskj. 3) en sú seinni 31. júlí 2024 og ber heitið „Úttekt á meðferð fjármuna og rekstri knatthússins Skessunnar“ (dskj. 4). Báðar skýrslurnar eru merktar trúnaðarmál og voru með víðtækum fyrirvörum.

Rétt fyrir júl 2024 afhenti stefndi fjölmiðlum skýrslurnar ásamt spurningalista sem bærinn hafði þá nýverið beint til FH. Úr varð fjölmiðlafár, þar sem fluttar voru fréttir af því að stefnandi hefði í gegnum félag sitt Best-hús ehf. hagnast mikið á kostnað FH í tengslum við byggingu hússins, án þess að það hefði komið fram og án þess að það endurspeglaðist í ársreikningum félagsins.

Í seinni skýrslu Deloitte á dskj. 4, nánar tiltekið viðauka III sem fylgir skýrslunni, segir um stefnanda/Best-hús ehf.:

„Best Hús ehf. er í eigu Jóns Rúnars Halldórssonar. Burðarvirki Skessunnar o.fl. var flutt inn í gegnum Best hús, skv. samningi milli þess félags og aðalstjórnar FH. Samkvæmt samningnum átti Best Hús að fá rúmar 314 m.kr. greiddar frá FH. Best Hús er stærsti einstaki þjónustuaðilinn við framkvæmd Skessunnar en um 350 m.kr. eru eignfærðar á Skessuna tengdar félaginu. Þessu til viðbótar eru rúmar 43 m.kr. færðar til skuldar við Best Hús á móti lækkun á skuld við KFH. Samkvæmt því hefur Best Hús fengið um 393 m.kr. greiddar frá FH. Samkvæmt ársreikningum Best Hús fyrir árin 2018-2022 námu tekjur félagsins um 99 m.kr. sem er töluvert lægra en þær greiðslur sem félagið fékk frá FH.“

Samkvæmt þessari umfjöllun fékk Best-Hús ehf. greiðslur langt umfram samning við FH um bygginguna. Því fer fjarri sanni og er umfjöllun um þetta röng og villandi. Það er útskýrt í minnisblaði, sem Eymundur Eymundsson, löggiltur endurskoðandi Best-Húsa ehf. tók saman og lagt er fram sem dskj. 6. Greiðslur FH til Best-Húsa ehf. fyrir húsið námu samtals (nettó) kr. 293.904.226, en heildarkostnaður Best-Húsa ehf. við kaup og innflutning nam kr. 296.548.058. Best-hús ehf. rukkaði FH ekki fyrir mismuninn á þessum tölum.

Hlutverk Best-húsa ehf. við bygginguna var að kaupa burðarvirkið að utan og flytja til landsins á áfangastað. Hugsunin var að Best-hús ehf. yrði hreint gegnumstreymisfélag, þar sem FH myndi greiða upphæð sem svaraði til kostnaðarins en ekkert umfram það. Ekki var greidd nein þóknun, þannig að Best-hús ehf. og stefnandi gáfu alla sína vinnu í þessu.



Deloitte leitaði engra skýringa hjá stefnanda við gerð skýrslunnar. Bæjarfélagið bauð stefnanda ekki heldur að koma að sínum sjónarmiðum og leiðréttingum áður en það afhenti skýrslurnar fjölmiðlum. Fjölmiðlar birtu í kjölfarið fréttir um málið, þar sem einna hæst bar að stefnandi hefði makið krókinn í viðskiptum við FH án þess að nokkur vissi. Nokkrar þessara fréttar eru lagðar fram á dskj. 7-13.

Stefnandi var formaður Knattspyrnudeildar FH á árunum 2004 til 2019, sem er mjög langur tími í fyrirsvarshlutverki eins og þessu í sjálfböðavinnu, gefandi en á stundum vanþakklátu. Áður en hann varð formaður hafði hann setið í stjórn félagsins í nokkur ár. Hann hefur verið áberandi í fjölmiðlum í málum tengdum knattspyrnu og er almennt þekktur hér á landi fyrir það, a.m.k. í íþróttahreyfingunni. Þetta mál leit illa út fyrir stefnanda og setti ljótan blett á störf hans fyrir FH.

Deloitte ehf. bað stefnanda afsökunar á sínum vinnubrögðum, þ.e. að hafa ekki leitað upplýsinga hjá stefnanda beint. Aðalstjórn FH gaf út yfirlýsingu, dags. 17. desember 2024 (dskj. 14) og stefnandi 8. janúar 2025 (dskj. 15). Þær yfirlýsingar breyta því ekki að stefnandi varð fyrir mannorðstjóni, þar sem undir hælinn er lagt hversu vel hinn almenni lesandi fylgist með og hverju hann trúir og treystir.

Lögmaður stefnanda ritaði stefnda bréf, dags. 14. ágúst 2025 (dskj. 16) þar sem lagt var til að Hafnarfjarðarbær lýsti því yfir að samkvæmt vitneskju bæjarfélagsins hefði hvorki stefnandi né Best-hús ehf. hagnast á viðskiptum við FH um knatthúsið Skessuna og að rétt hefði verið að gefa honum tækifæri til að gera athugasemd við skýrsluna áður en hún var gerð opinber.

Í bréfi lögmannsins kom fram að yfirlýsing um þetta væri stefnanda mikilvæg til að hreinsa mannorð hans sem hefði skaðast í umfjölluninni. Það væri sanngjörn krafa þeirra sem vinna sjálfböðaliðastörf fyrir íþróttafélögin í landinu að þeir séu dæmdir af verkum sínum, en ekki röngum upplýsingum frá sveitarfélagi um staðreyndir. Stefnda ætti að vera ljúft og skylt að staðfesta hvað séu hinar réttu staðreyndir í málinu.

Stefndi hafnaði þeirri málaleitan og virðist telja sig ábyrgðarlausan (dskj. 17). Því unír stefnandi ekki og höfðar því skaðabótamál þetta. Stefnandi vill að fram komi að hann höfðar þetta mál ekki vegna peninga, enda svarar það vart kostnaði og hann hafði leitað annarra leiða, en hann telur mikilvægt að sveitarfélög séu ekki ábyrgðarlaus af gjörðum sínum og vegi að mönnum með útbreiðslu rangra staðhæfinga, án lágmarkskönnunar á staðreyndum.

Málsástæður og lagarök:

Í seinni skýrslu Deloitte kemur fram aðdróttun um að stefnandi, sem eigandi Best-Húsa ehf., hafi hagnast mikið á viðskiptum við FH með umrætt knattspyrnuhús Skessuna. Er staðhæft að FH hafi greitt Best-Húsum greiðslur langt umfram það sem samningur kvað á um. Undir venjulegum kringumstæðum væri kannski ekki frétt næmt ef maður hagnast á viðskiptum, en í þessu tilviki ber að horfa til þess að stefnandi var sjálfur verið formaður knattspyrnudeildar FH er bygging knatthússins var ákveðin og bróðir hans, Viðar Halldórsson, var og er formaður aðalstjórnar FH. Það hefði verið



augljós hagsmunaárekstur og andstætt því sem stefnandi hefur staðið fyrir sem FH-ingur, hefði hann átt þessi viðskipti til að maka króinn á þeim sjálfur. Stefnandi telur að eins og á stóð hafi í umfjölluninni birst aðdróttun um a.m.k. siðferðislega ámælisverð viðskipti. Umfjöllun í skýrslunni um Best-Hús er röng, ófullnægjandi, villandi og án þess að staðreyndir hefðu verið kannaðar, m.a. með því að leita eftir skýringum frá stefnanda.

Umræddar skýrslur Deloitte ehf. voru unnar fyrir stefnda Hafnarfjarðarbæ eingöngu. Tekið er fram í skýrslunum að þær séu trúnaðarmál og þær eru bundnar fyrirvörum. Skýrslurnar voru því ekki unnar á þann hátt að þær væru til almennrar dreifingar. Stefnda var þetta ljóst. Þrátt fyrir það afhenti hann fjölmiðlum skýrslurnar og hefur vísað til upplýsingalaga nr. 140/2012. Samkvæmt upplýsingum stefnanda leitaði stefndi ekki samþykkis Deloitte fyrir ráðstöfun á skýrslunum.

Samkvæmt 1. gr. upplýsingalaga er markmið þeirra að tryggja gegnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna. Í 8. gr. segir að vinnugögn teljist þau gögn sem stjórnvöld hafa ritað eða útbúið til eigin nota við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls. Skýrslur Deloitte voru vissulega ekki útbúnar af stefnda sem stjórnvaldi, heldur fyrir hann, en þar sem þær voru merktar trúnaðarmál og háðar mjög víðtækum fyrirvörum voru þau sama eðlis og vinnugögn og ekki tæk til opinberrar birtingar að óathuguðu máli. Þar fyrir utan á það ekki að vera hlutverk sveitarfélaga að upplýsa um fjárhagsmálefni einkaaðila eins og í þessu tilviki, annað hefði gilt um meðferð opinberra fjármuna. Af öllum þessum ástæðum var sérstök ástæða fyrir stefnda til að stíga varlega til jarðar.

Í 9. gr. upplýsingalaga kemur fram sú regla að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni einstaklinga og annarra lögaðila. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. getur stjórnvald, áður en ákvörðun er tekin um aðgang að gögnum sem geta varðað einkahagsmuni, skorað á þann sem upplýsingar varða að upplýsa hvort hann telji að þær eigi leynt að fara, og skal veita sjö daga til að svara erindinu. Stefndi afhenti skýrslurnar án þess að fylgja þessari málsmeðferð, né heldur að hann gætti réttmætra hagsmuna stefnanda með öðrum hætti.

Stefnandi byggir á því að óheimilt sé að dreifa efni, sem hefur að geyma aðdróttanir um refsiverða eða siðferðislega ámælisverða háttsemi einstaklings eða fyrirtækja og sérstaklega ef viðkomandi hefur ekki verið veitt færi á að andmæla og eftir atvikum koma að leiðréttingum, áður en efni er sett fram og því komið til fjölmiðla. Stjórnvöld geti ekki undanskilið sig ábyrgð með tilvísun til upplýsingalaga, enda væri þá engin virk ærvernd fyrir hendi.

Gera mátti þá lágmarkskröfu til stefnda, sem stjórnvalds, annað hvort að leita leyfis Deloitte ehf. fyrir afhendingu skýrslanna til utanaðkomandi aðila (í því tilviki hefði Deloitte ehf. borið formlega ábyrgð á efninu gagnvart fleirum en stefnda), eða tilkynna stefnanda um skýrsluna og leita afstöðu hans til birtingar, samkvæmt málsmeðferðarreglu 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga og óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar, m.a. um upplýsingaskyldu, meðalhóf og reglna um persónuvernd.



Stjórnvaldi eins og öðrum ber að gæta að æruvernd manna. Fram hjá því verður ekki komist með ábyrgðarlausri gagnadreifingu í nafni upplýsingalaga. Ef stjórnvöld fylgja 2. mgr. 17. gr. upplýsingalaga er hætta á mannorðstjóni eins og hér varð lágmörkuð. Stefndi skeytti engu um þetta. Enn ríkari ástæða en ella var til að fylgja málsmeðferð eins og þar er kveðið á um, þar sem skýrslur Deloitte voru um fjárhagsmálefni einkaaðila en ekki bæjarfélagsins sjálfs.

Æruvernd fellur undir friðhelgi einkalífs, sbr. 1. mgr. 71. gr. stjórnskipunarlaga nr. 33/1944 og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem var lögfestur með lögum nr. 62/1994. Stefnandi byggir á að stefnda hafi borið að gæta að æruvernd stefnanda, áður en téð skýrsla var afhent fjölmiðlum eins og hér hefur verið lýst, án þess að kynna skýrsluna fyrir honum og gefa raunhæft tækifæri til að bregðast við. Með framgöngu sinni braut stefndi gegn þessum ákvæðum.

Útlistun skaðabótakröfu:

Eins og greint er frá hér að framan var stefnandi formaður knattspyrnudeildar FH á árunum 2004-2019, auk þess að hafa sinnt öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið utan þess tíma. Allt hefur þetta verið í sjálfboðaliðavinnu. Á þessum tíma varð stefnandi nokkuð þekktur í samfélaginu fyrir störf sín á þessum vettvangi. Íþróttafélög hér á landi starfa í nánnum tengslum við sveitarfélög og njóta stuðnings þeirra. Að öllu þessu gættu sveið það stefnanda sérstaklega hvernig um hann var fjallað og það á grundvelli skýrslu frá virtu endurskoðunaryfirtæki, sem hið stefnda sveitarfélag afhenti fjölmiðlum, að óathuguðu máli eða þaðan af verri ásetningi.

Umrædd umfjöllun um að stefnandi hefði hagnast persónulega og verulega á viðskiptum við FH setti ljótan blett á áratuga sjálfboðaliðastörf hans fyrir félagið. Stefnandi er í stórrí FH fjölskyldu. Vikið hefur verið að störfum hans fyrir félagið hér að framan. Sonur hans var leikmaður í meistaraflokki FH um árabíl. Bróðir hans Viðar Halldórsson hefur um árabíl verið formaður aðalstjórnar. Á árum áður var hann leikmaður félagsins. Hið sama er að segja um syni hans sem eiga sögu í FH. Aðrir fjölskyldumeðlimir hafa einnig verið virkir stuðningsmenn FH. Þetta mál hefur því ekki snert stefnanda einan, heldur fjölskylduna alla.

Eins og reifað hefur verið hér að framan fól umfjöllunin í sér meiðandi aðdróttun, sem stefndi ber ábyrgð á að hafa dreift til fjölmiðla. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er heimilt að láta þann, sem ber ábyrgð á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns, greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Stefnandi byggir á að öll skilyrði þess ákvæðis séu uppfyllt, jafnframt beri að dæma miskabætur í tilvikum sem þessu, til verndar æru og friðhelgi stefnanda.

Krafan, kr. 2.500.000, er að álitum og er að mati stefnanda hófleg með tilliti til þess hvernig atvikum er háttað og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Skaðabætur hér á landi eru jafnan ákveðnar tiltölulega lágar og hafa táknræna þýðingu fremur en annað. Málsókn þess og kröfufjárhæð er



ákveðin út frá þeim sjónarmiðum. Þá telur stefnandi að horfa beri til þess að lögmaður stefnanda fyrir hans hönd gerði heiðarlega tilraun til þess að fá hlut stefnanda réttan með því að gefin yrði út yfirlýsing um réttar staðreyndir, án nokkurra fjárútláta. Stefndi vildi það ekki.

Annað:

Dráttarvaxtakrafa er gerð með vísan til III. og IV. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Krafa um málskostnað er gerð með stoð í 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunarfærsla:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram, auk stefnu þessarar og skjalaskrár, öll þau skjöl, sem vitnað hefur verið til hér að framan í stefnunni með dómskjalsnúmeri. Áskilinn er réttur til frekari sönnunarfærslu á síðari stigum gefi málsvarnir stefnda tilefni til, þ.m.t. að afla matsgerðar dómkvadds matsmanns um sérfræðileg atriði, verði deilt um þau.

Stefnandi lítur svo á að þörf fyrir skýrslutökur fyrir dómi ráðist af því hverjum vörnum stefndi kunni að halda uppi.

Fyrirkall og áskorun um þingsókn:

Samkvæmt framangreindu stefnist hér með Valdimari Víðissyni, bæjarstjóra stefnda, Hafnarfjarðarbæjar, til þess að mæta fyrir hönd hins stefnda bæjarfélags á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, sem verður háð í dómhúsi Héraðsdóms Reykjaness, Fjarðargötu 9, dómsal 1, **miðvikudaginn 17. desember 2025 kl. 9:00**, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi.

Stefnufrestur er 3 – þrír – sólarhringar.

Reykjavík, 17. desember 2025

f. h. stefnanda,

Gísli Guðni Hall hrl.

Birt mér f. h. stefnda, sem hefur
falið mér að mæta við þingfestingu
málsins og halda uppi vörnum.

Hafnarfirði / 2025



Nr. 2. Lagt fram í Héraðsdómi
Reykjaness 17. desember 2025

SKJALASKRÁ

Stefnandi leggur fram eftirtalin skjöl í héraðsdómsmálinu nr. E-

Jón Rúnar Halldórsson
gegn
Hafnarfjarðarbæ

Nr.	1	stefnu
"	2	skrá þessa
"	3	skýrslu Deloitte ehf., dags. 11. apríl 2024
"	4	skýrslu Deloitte ehf., dags. 31. júlí 2024
"	5	spurningalista Hafnarfjarðarbæjar til FH, dags. 23. nóvember 2024
"	6	yfirlýsing Eymundar S. Eymundssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 10. desember 2025
"	7	útprint fréttar á visir.is 17. desember 2024.
"	8	útprint fréttar á fotbolti.net 17 desember 2024.
"	9	útprint fréttar á heimildin.is 17. desember 2024.
"	10	útprint fréttar á mbl.is 17. desember 2024.
"	11	útprint fréttar á dv.is 17. desember 2024.
"	12	útprint fréttar á mbl.is 17. desember 2024 („Skellur ...")
"	13	útprint fréttar á ruv.is 19. desember 2024
"	14	yfirlýsing aðalstjórnar FH, dags. 17. desember 2024
"	15	yfirlýsing stefnanda, dags. 8. janúar 2025
"	16	bréf lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 14. ágúst 2025
"	17	bréf stefnda til lögmanns stefnanda, dags. 29. október 2025.

Reykjavík, 10. desember 2025

Gísli Guðni Hall, lögmaður

Til Héraðsdóms Reykjaness